

Starfsskýrsla stjórnar foreldrafélags Tjarnarskógar starfsárið 2018 – 2019

Eftir aðalfund í maí 2018 skipti stjórn með sér verkum þannig:

Formaður: Birna Björk Reynisdóttir

Gjaldkeri: Elísabet Tómasdóttir

Ritari: Sigríður Fanney Guðjónsdóttir

Meðstjórnendur: Eygló Jóhannesdóttir og Þorgeir Arason

Stjórnin hefur fundað fjórum sinnum yfir árið, ávallt með skólastjórnendum og einu sinni með foreldraráði. Ákvarðanir og umræður þess utan á lokuðum hóp á facebook.

Helstu verk hafa falist í því að greiða eitt og annað, hoppukastala og pylsur á vorhátíð, mjög mikið af sólarvörn og heimsóknir gesta með sýningar – allt eitthvað sem skólastjórnendur hafa haft milligöngu með.

Félagið keypti og gaf gervijólatré á allar starfsstöðvar og starfslokagjafir til starfsmanna sem hættu eftir meira en fimm ára starf hjá skólanum.

Einnig sömdum við við jólasveina um að koma á jólaböll og aðstoðuðum þá við gjafakaup og innpökkun. Sendum starfsfólki líka nammi á aðventunni.

Við sóttum um Alcoastyrk til að kaupa fræðslu eða fylla inn í Lubbastarfið, en fengum ekki.

Á Degi leikskólans sendum við út pistil á fjölmiðla og sendum starfsfólki góðgæti á kaffistofur.

Við sömdum við bændur um heimsóknadag á Lynghól í sauðburði og heppnaðist það gríðarlega vel!

Eins og í fyrra þá fengum við fullt af frábærum hugmyndum en komum fæstum þeirra í framkvæmd. Nú eru 2(3?) laus pláss í stjórn og um að gera fyrir áhugasama og framkvæmdaglaða að skella sér í það !